


Alþingi

Erindi nr. P 118 / 783

komudagur 18 / 11

1995

FÉLAG ÍSLENSKRA SÉRKENNARA



Sérkennsla
hlutverk og verksvið
sérkennara

Reykjavík
október 1994

Formáli

Vorið 1994 eru liðin 25 ár frá því að fyrstu íslensku sérkennararnir luku námi í sérkennslufræðum hérlendis. Fræðilegur grunnur starfsins hefur á þeim árum sem liðin eru verið að þróast og áherslur að breytast. Samhliða þessu hefur sérkennsla orðið veigameiri þáttur í skólum landsins, starf sérkennara aukist og orðið fjölbreyttara.

Auk sérkennslunnar sjálfrar sinna sérkennarar nú stjórnunarstörfum á öllum skólastigum og kennslufræðileg ráðgjafarstörf verður sífellt þýðingameiri þáttur í starfi þeirra. Margt bendir til að vaxandi áhersla verði lögð á skólaþróun og mat á skólastarfi í náinni framtíð. Þar mun sérkennurum verða fengið viðamikil hlutverk sem þarfnast skilgreiningar.

Þetta eru meginástæður þess að stjórn Félags Íslenskra sérkennara ákvað að semja lýsingu á verksviði sérkennara og skilgreina hlutverk sérkennslu í íslensku skólakerfi. Við þá vinnu voru lagðar til grundvallar starfslýsingar frá íslenskum sérkennurum og samsvarandi upplýsingar frá samtökum sérkennara á Norðurlöndum og á Bretlandi. Auk þessa voru höfð til hliðsjónar ýmis eldri gögn í vörslu félagsins um þetta efni. Fjölmargir félagar hafa unnið að þessu verki.

Þar sem hér er um frumsmíð að ræða kann ýmislegt að vera vansagt eða ofsagt. Endurskoðun er því nauðsynleg ekki síst vegna þess að starfið tekur örur breytingum.

Félag íslenskra sérkennara mun hafa frumkvæði að endurskoðun og hvetja þannig til stöðugrar umræðu meðal félagsmanna um ábyrgð og starfsskyldur sérkennarans og eðlilega þátttöku í mótun skólastarfs á komandi árum.

Það er von þeirra sem að þessu verki standa að það sem hér birtist nýtist sérkennurum og öðrum þeim er tengjast sérkennslu beint eða óbeint.

Sérkennslufræði

Sérkennsla er hagnýt fræðigrein sem sækir hugmyndir sínar m.a. til uppeldis- og kennslufræða, sálfræði, heimspeki, félagsfræði, læknisfræði og málvísinda.

Í sérkennslu hafa verið settar fram kenningar um nám og kennslu og mótuð sérhæfð vinnubrögð sem eru í stöðugri þróun eftir því sem fagþekkingu fleygir fram og viðhorf breytast.

Sérkennsla

Grunnskólinn er fyrir öll börn og unglunga á skóla-skuldaldri. Skólastarf skal laga að þroska og getu nemenda svo að hver og einn fái kennslu við hæfi.

Námshæfni þeirra er hins vegar mismunandi af margvíslegum ástæðum. Mörgum nemendum er því nauðsynlegt að fá stuðning eða breyttar áherslur í námi. Þar kemur til kasta sérkennarans. Hann beitir sérhæfni sinni til að bæta almennt skólastarf þannig að sem flestir nemendur geti notið hæfileika sinna.

Sérkennsla er einn af möguleikum skólans til að mæta þörfum nemenda sinna. Samkvæmt skilgreiningu í *Reglugerð um sérkennslu nr. 106/1992, 3. gr.* felur hún í sér:

„... verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni og námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.“

Sérkennslan er þannig fyrst og fremst skilgreind út frá vinnubrögðum en síður út frá nemandanum, kennaranum eða þeim tímum sem síður eru til starfsins. Þess vegna er fagþekking sérkennaranna frumforsenda sérkennsla.

Meginmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla eiga jafnt við um sérkennslu sem almenna kennslu, leggja þarf áherslu á góð tengsl þar á milli. Þörfin fyrir sérkennslu er afstæð. Hún

Stjórnun og skipulagning

Sem fagstjóri í sérkennslu við almennan grunnskóla vinnur sérkennari í nánú samráði við skólustjórnenndur. Verksvið fagstjóra takmarkast af þeim tíma sem veittur er til starfsins og er mismunandi eftir skólum. Starf fagstjóra getur falist í:

- umsjón með samstarfshópi (nemendaverndarráði) um sérkennslu-úrræði fyrir nemendur skólans
- eftirliti og mati á námsgengi nemenda, m.a. með könnunum og greiningu
- skipulagningu kennsluáðstæðna í og utan bekkjar í samvinnu við kennara og foreldra
- umsjón með sérkennslugögnum skólans
- tengslum við þjónustustofnanir sem tengjast sérkennslu
- fylgjast með nýjungum á sviði sérkennslu og miðla þeim til samkennara
- annast náms- og kennslugagnagerð
- rannsóknnum á skólastarfi og vinnu við skólaþróun

Á fræðsluskrifstofum vinna sérkennarar skipulags- og stjórnuarstörf sem tengjast sérkennslu. Þau geta falist í:

- skipulagningu sérkennslu í undæminu
- endurmenntun kennara
- skólaþróun í samstarfi við aðra skólamenn
- sérkennslufræðilegri ráðgjöf
- greiningarvinnu
- rannsóknnum og mati á skólastarfi.

Á sérhæfðum þjónustustofnunum á félags- eða heilbrigðis-sviði vinnur sérkennarinn að:

- sérkennslu
- greiningarvinnu
- ráðgjöf
- rannsóknnum
- námsgagnagerð.

Ráðgjöf

Margir sérkennarar vinna sem sérkennslufræðilegir ráðgjafar í almennum skólum, sérskólum, á fræðsluskrifstofum og á sérhæfðum þjónustustofnunum. Þeir sem þiggja ráðgjöf sérkennara eru einkum nemendur, aðrir kennarar, foreldrar og skólastjórnendur.

Sérkennslufræðileg ráðgjöf felst í því að miðla þekkingu og finna lausn á kennslufræðilegum vandamálum. Hún getur m.a. beinst að:

- námsaðstöðu í og utan skóla
- breytingum á skipulagi skólastarfs sem stuðlar að bættri líðan nemenda
- aðlögun námsefnis og/eða vali verkefna handa einstökum nemendum eða nemendahópum
- vali á kennsluaðferðum.

Skólaþróun og rannsóknir

Nauðsynlegt er að sérkennarar taki virkan þátt í umræðu um skólamál og barnavernd. Þannig nýtist fagþekking þeirra við mótun skólastefnu og skipulagningu skólastarfs og stuðlar að bættum námsskilyrðum.

Þátttaka sérkennara í markvissu nýbreytni- og þróunarstarfi er einnig mjög mikilvæg. Hið sama gildir um ýmsar hagnýtar rannsóknir á sviði sérkennslu sem sérkennarar vinna að víða í skólakerfinu.



